Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar, 1. hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Handrit bókarinnar um Kína

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-13, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bls 9

10 g 3e g pkt 1a

Landið.

Á miðöldum höfðu fjöldi Evrópu óljósar sagnir um mikið ævintýraland fjarst í austri – þar sem krydd gróði – þar sem silkið var unnið, þar sem gnæfðu vorn gimsteina og heilar hallir voru byggðar úr skíru gulli. Hinir lærðu menn höfðu jafnvel ályktað að hin jarðneska Paradís væri á háum fjöllum þar austur frá. Þessar hugmyndir voru af nokkuru leyti skýrðar, af reynslunni. Til Vestur-Evrópu bárust kínverskir dýrgripir, sem Hansakaupmenn höfðu keypt á mörkuðum Mongolaríkisins á Rússlandi. Verzlunarsambandið milli Kína og Miðjarðarhafslandanna – austur yfir Mið-Asíu – sjóveg suður um Asíu var gamalt. En verðið á þessum Kínavarningi hér í Norður-Álfu var svo ~~afar~~ himinhátt, að sízt dró það úr ævintýraljómanum um Kína. Það ól á hinni sterku þrá leiðandi manna í Norðurálfu til að komast í milliríkalausa sjóverzlunarsamband við Kína. Þessa var drifjaðrin í leit Portugala suður og austur með Afríku, strandleitis til

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sum af þeim at stærð og fólksfjölda samberileg við stórveldi Evrópu.

1b.

~~Landið~~.

Kína nær frá 53° nbr. til 18° nbr. og 74° austl. l. til 134° austl. l. Landamæri Kína eru Síbería að norðan, Vestur-Tirkestan að vestan, Indland, Birma og Annam að sunnan og Kyrrahafið og Korea að austan. Landið er 4,091,646 enskar □ mílur af flatarmáli; ef Mansjúría er ekki talin með. (þegar talað verður um mílur í riti þessu, er ætið átt við enskar mílur, og sömuleiðis er átt annað mál enskt.)

Í Kína sjálfu eru 18 fylki? þau eru: Anhúei, Tsödsjang, Fúdsjen, Honan, Hobö, Húnan, Húbö, Dsjansú, Dsjangsí, Dsjangsú, Guangsí, Kvongdáng, Gúeidsö, Sahnsí, Sahndóng, Síensí, Sutsúan, Jnnan, og fjórar hjálendur: Tíbet, Sindsjang, Mongólía (nú undir áhrifavaldi Rússa) og Mansjúría (nú undir áhrifavaldi Japana.)

Strandlengjan er 2,150 mílur, eða með flóum og skögum 5,000 mílur, svo ekki er strandin bein. Norðurhluta strandarinnar, strandlönd Hobö, Sahndóng og Dsjangsú, eru leðjukendar, en

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar og Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kína. Þessa var drifjaðrin í leit Kólumbusar og ýmsra annara manna í undan og eftir honum vestur yfir Atlandshaf. Endalokin urðu þau, at þeir fundu sjóleiðina til Kína og ~~þar hnossir~~ fleest þau hnoss, sem þeir höfðu vonst at finna þar. ~~new~~ En þeir fundu líka miklu meira. Fleiðinni at Kína (og Indlandi) í vestur réðust menn í Ameriku. Í leið at ~~þá~~ hinum sama, sutur og austur um Afríku voru strendur þeirra heimsálfu kannaðar. Leitin at afintýralandinu Kína opnaði þannig heimin fyrir Norðurálfu mönnum og gerði þá at drottnurum hafanna, heimsálfanna. Það gerði gáfumennin þá, at þar var ekki kánmenningarþjóðin milla í Kína, sem leitaði hinna fjálsu og mörgumríku jarðmenna í Norðurálfu þeirra tíma. Heldur var þat Norðurálfan, sem leitaði og fann ~~miklu meira~~ margfalt meira en þat, sem hún var at leita at.

~~Og~~

Þar frásagnir mínar um Kína, sem hér fara á eftir, verða ekki um hit milla afintýraland miðaldanna - met gullhöllunum og Paradís, heldur um Kína nútímans. Enda ~~mér~~ hefur mér og mörgum öðrum, sem kynnst hafa þessu undra fagra

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~hinn hluttinn~~ sunnan til er granítströnd. Meðfram suðvestströndinni, Tsödsjang, Fúdsjen og Kvongdóng eru óteljandi eyjar, sem veita skjól. þar eru góðar hafnir.

Meginhluti Kína er hálendi. Aðeins meðfram neðra hluta Gulár og Jangtse-fljóts, er láglendi, sem nær til strandarinnar og mörg hundruð mílur til norðurs og suðurs. Hálendis byggjar eiginlega við Pamir-hásléttuna og kvíslast þaðan í fjóra aðal-fjallgarða:

1) Aðalsaln gengur á landamærum Rússlands og Mongólíu. Ganga úr honum fjórar höfuðgreinar austur í Mongólíu, og ein greinin þaðan norðaustur í austur-síberska hálendið.
2) Tíensaln gengur austur í Sindsjang.
3) Hvenlínsaln gengur fyrst í austur nálægt landamærum Tíbet og greinist svo í þrjá fjallgarða.
4) Himalajasaln ganga til austurs á landamærum Himalaja og Indlands.

Helgasta fjallið í Kína er Tæsaln í Sahndóng, sem var hækkað

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

landi, hámenningu þess og
forn menningarþjóð, fundiss
þat Þóra raunveru leik ans væri
mesta efni dýra landit.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í tignimni af einum Keisara fyrra Sung-Tímabilsins, 420-477 e.K., og fjekk nafnbótina „Jafningi Himinsins." Hin helgustu Búddha-fjöll eru Vú Tæ Sahn í Sahnsi og Ómei Sahn í Sötsúan, sem eru tengd upphafi þeirrar trúar í Kína. Af sögn eru sumar mannverkin byggingarnar á Vú Tæ Sahn frá 1. öld ~~eftir~~ e.K. Frá Ómei Sahns, 6,000 feta hán þverhnípi, sjást hin einkennilegu náttúru-fyrirbrigði er nefnast „Ljós Búddha."

Mörg stór stöðuvötn og ár eru í Kína. ~~Stærstu vötn eru Hjangtsu vatn í Dsjangsu og Anhuei, Tæ Hú í Dsjangsu og Þódsjang, 50×40 mílur af víðáttu, Tungting vatn í Húnan 75×56 mílur og Þójang vatn í Dsjangsi 90×20 mílur og Dsjangsi í Anhuei.~~

Kína þar má skipta ~~meginlandinu Kína~~ í þrjá aðal-hluta. Fyrst mætti nefna Gulár-dalinn, sem er af flatarmáli 600,000 □ mílur, en er af lengd um 2,500 mílur. Upptök Gulár eru í Tsinghæ, 13,500 fet fyrir ofan sjávarmál og rennur hún í

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og hefir áætlaða íbúatölu og Bretland, Frakkland og Þýskaland samanlagt eða um 180 miljónir.

gegnum norður-fylkin, og að lokum út í Tsíli-flóann. Annar hluti Kína er Jangtsu-dalurinn. Jangtsu-fljótið er megin-lífæð iðnaðar og verslunar. Dalur þessi getur talist hjarta Kína, 600,000 fermílur að flatarmáli; ~~með 180,000,000 íbúa~~ (miljónir íbúa). Upptök fljótsins eru í norðurhalla Tangla fjallgarðsins. Það er skipgengt frá Ítúsung fyrir neðan Shanghai, upp fyrir Súíjú í Sótsúan, sem er 1,630 mílur. Hið mjósta af þessum þremur vatnum er ~~Vesturá eða~~ Sídsjang, sem á upptök sín í norðaustur Jynnan og rennur gegnum Súeidsó Dsjangsí og Kvongdóng 1,118 mílur vegar.

Jangtsu-fljótið, sem Kínverjar kalla oft Da Dsjang, Fljótið mikla, skiptir landinu í tvo nokkuð jafna hluta, 8 fylki að norðanverðu, 8 ~~fylki~~ að sunnanverðu en tvö ~~fylki á báðum bökkum~~ eiga land beggja megin fljótsins. Það rennur frá austri til vesturs. Það er sjerkennilegt fyrir Jangtsu-fljótið, að það rennur ekki eftir ~~eðlilegum~~ einhlíðum dal, nema síðasta

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áfangann, en hefir annars rutt sjer farvegi gljúfrum um háa fjallgarða.

Fyrir 600 árum ~~síðan~~ skrifaði Marko Polo um Fljótið mikla: „Sumstaðar er það 10 mílur á breidd, sumstaðar 8 og sumstaðar 6, og það er meir en 100 daga leið frá einum enda þess til annars — í raun og veru er það líkara hafi en á." Hjá Ef Sje farið er upp eftir fljótinu, er fyrst farið um þann hluta þess, sem rennur við sýðri takmörk dalsins, um þúsund mílur. Áin er ~~rein~~ raunar stöðugt að lengjast, þvíað hún myndar svo ört nýtt land með framburði, að á einum mannsaldri er Shanghæ, sem einsinni stóð rjett við mynnið, að verða að borg langt uppi í landi. þegar þessum áfanga er lokið taka við hin frægu gljúfraskörð eða gil, sem kölluð eru Jangstugljúfraskörðin. Bækur, sem skrifaðar hafa verið um þessi gil skipta mörgum tugum, en rithöfundar þeirra allra eru víst á

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eitt sátt um það, að engin penni geti til fulls lýst hinni óviðjafnanlegu tign, fegurð og margbreytni náttúrunnar þar. Þegar gljúfraskörðin byrja eru hjer og hvar þar í botni fljótsins þverhöft eða djúpar flúðir, sem Kinverjar Kalla þröskuldi og ýfir hvern þeirra fleðir ein af hinum frægu þorsandi straumiðum. Um 2/3 hluta af leið sinni ryður fljótið sjer braut gegnum fjallgarðana og um gljúfrin þar hvergi breiðari en árfarvegurinn. Sum gljúfraskörðin eru 20 mílur á lengd, 350–600 stikur á breidd og allt upp undir djúp. Beggja megin fljótsins eru fjöll og þverhnípi. Upp þessi þverhnípi eru höggnar vín þrep í bergið eins og stigar og sömuleiðis í bergið fram með ánni, til þess að hægt sje að komast áfram. En fyrir ofan gljúfrin, upp eftir öllum fjöllum, stundum upp á efstu tinda, breiðast akrar, aldingarðar, skógar musteri, þorp og borgir. Þjett fyrir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kringum ~~neðan~~ hverja borg, eru háir múrar ~~sem hefir há~~ ~~múrveggi~~ með, skrautleg og óbúrvar-
mikil hlið. Við hliðin er musteri (pagoda) [sbr. myndir]
Fágætustu og gagnlegustu trjátegundir, allskonar aldintrje, sykurrefr og bambus, skreypta fjalla-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hlíðarnar. þar vex líka grastegund sem getur orðið 15 til 20 feta há og með afbrigðum falleg. Meðfram sumum þessara gilja eru mestu kolanámur heimsins og allskonar aðrar námur.

Á þessum slóðum er líka hellir Drekakonungsins, Lung Wang Tung. Nými hans er hundrað stikur á breidd og ~~[illegible]~~ hundrað stikur á lengd, innan vatni, sem er inst í honum ~~[illegible]~~, og enginn veit hve langt niður. Einu sinni reyndi maður að kanna það, en kom aldrei aftur. Hjá þessum hellir eru musteri og leyfa munkarnir engum að fara út á vatnið, nema þegar miklir þurkar hafa gengið; þá má fara út á ~~vatnið~~ það, og biðja drekann ~~um~~ að sníða sjer við og láta rigna. Jafnan þar verður að halda ~~stöðugan~~ vörð svo at Dreka konungurinn sleppi ekki. Ef hann sleppi, mundi aldrei rigna.

Til skamms tíma voru seglskip eingöngu notuð í ~~þessari~~ hinar erfiðu og haltu legu ferðir á fljótinu, en svo stríðar var straumurinn í sumstaðar, að þau komust ekki

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

áfram á móti honum, nema af margir menn, er gengu meðfram bakkanum, tóguðu þau áfram með taugum, ~~er festar voru við skipin~~. Fyrir ofan eitt af hættulegustu gljúfraskörðunum var fest járnkeðja, við klett, til hjálpar skipum er ~~erfiðuðu~~ þraytti á móti straumnum í sumarflóðum og vatnagangi. Eitt sinn vildi svo til, að menn á einu skipanna tóku keðjuna á brott, en þegar þeir eru komnir að borg einni nedarlega við fljótið, sjá þeir, að ~~keðjan var~~ keðjan var ordin að höggormi. Menninir urðu óttaslegnir mjög, og flýðu sjer aftur til hins vanhelgada staðar. Þeir ljetu höggorminn á klettinn, en hann var ekki fyrr komin þangað, en hann varð aftur að járnkeðju, og þar var víst enn til þessa dags.

Við eitt af gljúfunum eru stórar myndastyttur af þremur verndaröndum vatnsins. Þeir eru aðeins á verði á daginn, og því breyfir enginn bátsmaður sig ~~í engum~~ þegar myrkt er ~~orð~~.

afur-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hin eldra jörð.

~~Bergtegundir, jarðvegur og málmar.~~

Fjallgarðarnir í Kína munu flestir vera fellingafjöll, er myndast hafa þannig, að jarðskorpan hefir lagst eða bognað upp í fellingar. Liggja jarðlögin í ~~þeim boga~~ bogum, sem þýna fellingar. Þessi bognu jarðlög eru gneis, granit, kristallaður flögusteinn, diabas og kvarts-eldsteinn, og yfir þeim lög af kombískum og sitvískum kalksteini og kolalög. Í Suður-Kína liggja yfir hinum bognu lögum frá eldri jarðtímabilum lög frá silur- og devon-tímabilunum, sem hafa bognað með þeim. Hjer Ofan á devonlögunum liggur kolakalk og rauður sandsteinn frá trías-tímabilinu. Þar á ofan eru lög frá jura-tímabilinu. Bungur úr trakyt, dolerit og blágrýti hjer og þar í Kína, vitna um þar, að þar hafi verið gjósandi eldfjöll fyrr á tímum.

Einkennilig eru í Kína jarðlög þau, sem mynduð eru af allega af mesku

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ír ryki (leir og ~~fínum~~ smáum sandi) blönduðum jurtaleifum, sem vindarnir hafa borið með sjer innan af hálendinu og nefnist „löss". Þessi unga jarðmyndun, sem er mjög frjósamur jarðvegur, er afar víðáttumikill í Kína, og sumstaðar líka geysilega þykkur, einkanlega á takmörkum hálendisins og láglendisins í Norður-Kína. Gulá rífur þenna lausa jarðveg með sjer og er litið af framburði hans, og dregur nafn af því.

Í dölunum er jarðvegurinn víðast myndaður af framburði fljótanna, ~~er það mjög frjósamur jarðvegur~~ og er mjög frjósamur. Sumstaðar á láglendinu og í dölunum er ofan á þessum framburði fljótanna svört moldjörð ~~afar frjósöm~~ og er hún talin ein hver frjósamasta mold í jörðunni.

Kína er stórauðugt land af málmum og dýrum steinefnum af flestu tagi, og þó má heita, að Kína sje enn næsta ókannað ~~land~~ af þessu leyti, svo að það, sem þekt er, sje aðeins brot af því, sem til er.

Mínir vera

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kol og járn liggja í óhemju miklum lögum svo að segja í öllum hlutum landsins. Geysimikil og góð kolalög hafa fundist í Sahndong, og er altíð, að þau liggi undir öllu láglendinu til norðurs og vesturs, þar sem þau koma fram í fjöllunum í fellingum jarðlaganna. Mjög mikið af kolum hefir fundist í fylkjunum Sahnsi, Siensi, Dsjangsú og Honan. Þótt kolalögin sjen ekki jafn afskaplega mikil og góð í Suður-Kína og í Norður-Kína, eru þau samt mikil og auðug þar. Ofurlitla hugmynd um þessi auðæfi getum menn fengið á lítilsháttar samanburði. Í Ríarlöndum hefir fjóðverjum með framúrskarandi kunnáttu og dugnaði tekist að vinna með hagnaði kolalög djúpt í jörðu, sem ekki eru meira en eitt fet á þykt. Í Kína eru lög af ágætum anthracit-kolum, sem eru 8-9 metrar á þykt og að öðru leyti úrgengilegasta til vinslu. Í skýrslu um Kalaforda heimsins, sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lögð var fram á alþjóðafundi verkfræðinga 1913, var talið, að í Kína vörn 996,642 miljónir tonna af Kolum. Með þessari tölu er Kína talið eitthvert auðugasta Kolaland veraldarinnar. En jafnframt mundi mega segja, að það væri mjög kannað af þessu leyti svo hjer sje aðeins að ræða um brot af því, sem jörðin geymir.

Járnnámurnar við Hankó eru einhverjar hinar bestu og auðugustu í heimi. En auðugar eru þar ekki aðeins þáðna, heldur svo að segja alstaðar í landinu, svo Kína er eitt af mestu og auðugustu járnlöndum í víðri veröld.

Mjög mikilsvarðandi skilyrði fyrir ábatavænlegri hagnýtingu járns og Kola er það, að hvorttveggja þetta finnst á sama stað eða í sem minstri fjarlægð. Einnig þetta skilyrði er málega alstaðar fyrir hendi í Kína.

Mesti sægur annarra málma hefir fundist í Kína, og af sumum þeirra mjög mikið. Af málmum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og dýrum steinefnum, er þar hafa fundist, mætti t.d. nefna: ~~steinolíu~~, gull, silfur, tin, blý, zink, aluminium, antimon, eir, kvikasilfur, kaolin, magnesia, salt, agalmatolit, nefrit, jadi, lapislazuli, brennisteinn, grafit, malakit, rúbinar, topsar o.s.frv. Einnig er þar graft olíu. ~~En þar sem fundist hefir af þessum málmum og öðrum er aðeins brot af því, sem telja má víst að finnist í landinu, er hafin verður málmleit á vísindalegan hátt.~~

Kol og járn eru hýmingarsteinar undir stóriðju Vesturlanda, sem kunnugt er. En auður Þýskalands og Englands af kolum og járni samanlagður er ~~rjett eins og þis~~ smámunir á móti því, sem til er í Kína af þessum gæðum. Hvernig stendur þá á því, að ekki er risin upp stóriðja í Kína? Þar stafar af því, að Kínverjar hafa ekki viljað gefa útlendingum sjerleyfi til stóriðju á þessum slóðum. Hið Kínverska fósturland hefir ekki verið falt fyrir mútur erlendra fjármálamanna, og Kínverjar sjálfir

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en fyrst á síðari árum farnir að afla sjer þeirrar iðnfræðilegu þekkingar, sem þarf til að byggja upp stóriðnað. Fjöldi ungra kínverskra manna les nú verkfræði og allskonar iðnfræði á Vesturlöndum og í Kína sjálfu. Og hinn fyrsti vísir til innlends verksmiðjuiðnaðar í Kína er þegar byrjaður. En hvernig sem alt fer, er óhætt að spá því, að þessi vísir er sem ekkert á móti því, sem koma skal, og þar áður en mjög langt líður. Við samfærumst best um þetta, með því að setja okkur fyrir sjónir, hvað skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að geti skapast stóriðja í landi:

1) þar þarf markað, þ.e. kaupendur með kaupgetu.
2) þar þarf orku og efnivöru.
3) þar þarf hentug samgöngutæki.
4) þar þarf starfshæft fólk til að vinna og stjórna verki og
5) þar þarf handbært fjármagn til að setja stóriðjufyrirtæki á stofn.

©Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hefir Kína þessi skilyrði? Það hefir lengi haft flest af þeim, en er nú að öðlast þau öll og þar á stórfeldasta stíl. 4-500 miljónir íbúa Kína hafa lengi haft mikla kaupgetu. En markaður Kínverska, er 1. flokks iðnaðar-vöru framleiðslu mundi þó ekki aðeins geta verið í Kína, heldur miklu víðar, bæði vegna þess, að í austurhluta Suð-ur-Asíu er verðlunin að mjög miklu leyti í höndum Kínverskra manna og af því, að þar verðlag, vandvirkni og sómatilfinning, sem ríkir í Kína, mundi gera Kínverska iðnaðarframleiðslu samkeppnis-færa um allan heim. Kína hefir að vísu nú aðeins 4-500 miljónum manna á að skipa, álíka fólksfjölda og öll Norðurálfan, en þessi íbúa-tala gæti með núverandi tölu fæðinga á hvert þúsund, hæglega tvö-faldast, þrefaldast eða fjórfaldast á til tölulega skömmum tíma, ef heilbrigðismálum landsins væri komið í viðunandi horf, sem vonandi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verður bráðlega gert. Kína hefir ekki aðeins ~~ótakmarkaða~~ ótrúlega gnægð af efnivörum úr steina og jurtaríkinu, heldur og yfirfljótanlega gnægð af ~~krafti~~ orku í kolalögunum og í óhemju miklu vatnsafli, sem til tölulega auðvelt er að virkja. Kína hefir lengi haft framúrskarandi þolgott, iðið og vandvirkt verkafólk, og nú er það að koma sjer upp ~~iðnaðarlegum~~ forustumönnum ~~af tilkvarandi tæki~~. Við svona yfirvegun má ekki – og má ~~enda~~ jafnvel síst af öllu – gleyma því, að Kína er gamalt hámenningarland, er gerir hæstu kröfur til vandvirkni og vörugæða. Og að lokum hefir Kína, eða getur haft, nægilegt innlent fjármagn til að ~~setja á stofn~~ járn og stál~~framleiðslu~~ og smiðjuverksmiðjuvjela til, að stofnsetja stóriðju. En hvort sem handbart þje í Kína sjálfu er meira eða minna til ~~að~~ fullnægja slíkum þörfum, þá skiptir það ekki mjög miklu máli, því Kína er stóraus-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ugt land og nýtur svo takmarkalaust trausts um skilvísi og áreiðanleika í fjármálum á peninga- og fjármagnsmörkuðum í New York, Lundúnum og Paris, að það hefir til skamms tíma verið harðvítugt keppikefli milli stórveldanna að fá að lána því peninga gegn lágum vöxtum.

Það er sagt, að þegar Marco Polo kom heim til stórborgarinnar á „móðurlandi Norðurálfu menningarinnar", er þá aðeins taldi tugi þúsunda íbúa, og tók að segja frá miljónatölunum í stórborgum Kína og öllum þeim auði, glæsileik og kunnáttu, sem þar var, hafi enginn trúað honum, haldið að ~~alt~~ þetta væri alt raup og kallað hann í skopi Marco Miljon eða eitthvað því líkt. Sá, sem vildi ráða rökfast framtíðarmöguleika Kína og segja jafnsatt og Marco Polo gerði á sinni tíð, mætti ~~taka sjer vel vara fyrir~~ gjalda varhug við því að verða ekki kendur við eitthvað verra.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Landvindarnir ~~Þessir~~ eru mjög þurrir og kaldir.

~~Vedrátta~~ Veðurfar.

Þótt Kína nái yfir svo geysilangt svæði frá ~~N~~orðri til suðurs, veldur þetta mikla mismi breytingu í veðráttu, en lítiðast mætti við. Valda ~~þessu~~ hvörjir vindar þeir, sem þar blása. Frá því í oktober ~~nóvember~~ og fram í apríl blása landvindar frá Síberíu og frá háslétturnum Asíu. Í Kína eru þessir vindar kallaðir Síberíuvindar, ef þeir blása þaðan, en staðvindar, ef þeir koma frá háslétturnum Asíu. Í April hverfur háþrýstingurinn yfir meginlandi Asíu, sem var drifjöður ~~þessara vinda~~ landvindanna. Í stað þess myndast ~~lægð yfir~~ staðbundin lægð yfir miðbiki Asíu, er helst fram á haust. Frá því í apríl ~~og~~ maí fram í september ~~og~~ oktober streyma því heitir hafvindar, þrungnir ~~af~~ raka, inn yfir Kína. Fylgir þeim mikið regn. Ef vindar þessir eru suðaustlægir – eða þar sem þeir eru það – eru þeir í Kína kallaðir Astralínvindar eða hafvindar. En sjeu þeir á sunnan eða suðvestan, sem venjulegt er sýðst í Kína, eru þeir kallaðir Indo-Kína-vindar.

Landvindarnir standa lengst, eru óbrigðulastir og einnig kaldastir í Norður-Kína, og kuldans gætir ~~þar~~ því meira, ~~þó~~ lengra sem dregur frá sjó. Í Birvantse fyrir vestan Peking er meðalhitinn í Janúar t.d. ÷16.7°C, í Peking –4.6°, í Shanghai 2.1° Hanan 3.3°, en í Honkong, sem stendur á eyju 15.3°. Í Reykjavík er meðalhitinn í janúar ÷1.2°. Meðaltal af köldustu dögum í janúar er í Peking ÷15.2°C, í Shanghai –8.6° og í Hankou ÷5.4°. Í Reykjavík er meðaltal köldustu dagana í janúar . Árinu ~~sérð~~ á ströndum syðstu fylkjanna kemur aldrei frost. ~~Suður að Jangtsekiang er~~ Þúsur at Jangtsekiang er sjókoma ógeng. ~~Og þótt meðalhiti ársins í Honkong sje 22° C, kemur það þó fyrir, að snjór falli þar.~~ Það er engum vafa bundið, að þessi vetrarkuldi – eða vetrarsvali – á mikinn þátt í hversu atorku- og starfsmikil þjóð Kínverjar eru og að þeim reynist auðveldt að bjarga sjer og geta ~~[illegible]~~ jafnvel mörg hörð sumur í köldustu heimskautalöndum.

En sumarvindarnir ~~af~~ hafinu eru þeirrar. Meðal

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar á Borgarskjalasafni Reykjavíkur

Í samkomu húsum og öðrum nýtízku stórhýsum er nú komið fyrir kæli-miðstöðvum, sem ~~hér~~ hægt var að leggja inn í hús-miðstöðvarnar hérna.

hitinn fyrir Júlí er í Honkong 28,7° C, í Shanghai 27,3°, í Peking 26,2°, í Hankou 28,9° (í Reykjavík 11°). og meðaltal heitustu daga í júlí er í Honkong 33,1° C, í Shanghai 36.5°, í Peking 36.6°, í Hankou 34,7° C. Þessi hitastig eru ekki aðeins allhá, heldur er hitamagn loftsins ~~langtum~~ miðað meira en þau gefa til kynna, vegna þess, að það er þrungið af vatnsgufu og þegar hitinn slendur til lengdar hitar hann alt upp. Hitinn er svo mikill, að hann er ~~ómögulegt~~ jafnvel þeim, sem alist hafa upp við hann frá barnæsku, til ~~verulegra~~ mikilla óþæginda, að minsta kosti þegar heitast er. Aðkomumönnum frá Vestur-Evrópu verður þungt um allar hreyfingar, og kjósa helst að liggja hreyfingarlausir meðan heitast er. ~~Þeim gefa~~ Til að verjast hitanum taka menn ~~tekið~~ kalt bað og skipta um fót of til vill 2-3 sinnum á dag eftir ástæðum. Ef gestir ber að garði, ~~eru~~ er fjónar settir ~~bak~~ vifta hafð ~~hvern gest, hvers~~ ~~þeirra~~ ~~þá~~, til að svala ~~þeim~~ þeim með blævæng. Sjen ekki nægilega margir fjónar til eða ekki við hendina, er ~~til~~ ~~fyrsta, sem~~ blævængur hið fyrsta, sem gestinum er rétt, ef hann þá ekki hefur blævæng með sjer. – Í nýtízku húsum er komið fyrir rafmagnsviftum, er skaga lofts-straum í ~~stofuna~~ sölunum. Nýlega hafa fjóðverjar tilkynt, að þeir hafi fundið upp gler, er ekki sleppi heitustu sólargeislunum í gegn, og er búist við, að mikið af því selzt til hitabeltisins.

Aðeins í sýðsta hluta Kína, fyrir sunnan 23° nbr., er hið sjerkennilega hitabeltisloftslag.

Í Norður-Kína er ~~sæmilegt~~ varla nokkur úrkoma nema að sumrinu. ~~Fyrir Mordan~~ Regntíminn er lengri í Suður-Kína. Vorregnið byrjar þar oft í febrúar-marz og ~~nær~~ nær fram í maí. Nyrst í Kína mundi regndýptin ekki vera meira en svo sem 50 cm., við Jangtsekjang nokkuð yfir 100 cm. og sýðst í landinu yfir 300 cm. Það er mjög aberandi, hversu miklu meiri úrkoman er fyrir sunnan en norðan Jangtsen, og þetta kemur sjnilega fram á gróðrinum.

Einkaskjalasafn Sjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(bls. 19 var felld burtu)

Loftslag

~~vindamma~~.

Þar er Kína er að nokkru leyti í hitabeltinu og takmörkum þess, Koma þar fellibyljir og skýstrokkar, sem verða oftast til yfir Karólínu- og Maríana eyjunum, og þeirast í vesturátt með 8 til 175 mílna hraða á klukkustund. Oft geta þessir ~~hvirfil-vindar~~ fellibyljir valdið óguðlegu tjóni, þegar þeir skella miskunnarlaust á skip, hús eða annað sem þeim verður. Þeir eru árlegir gestir í Kína, frá því í júní og fram í september og hafa þau ávirk á loftslagið, að ~~þeir~~ draga úr hinum mesta lamandi hita sumarsins og valda ofsalegum helli-regndembum með ~~ofsaroki~~ feikna stormi. Frá stjörnuturnunum í Manilla á Filippseyjum, í Sikkawei í Shanghai, Tsingtá og fleiri stöðum, er ~~haldið~~ stöðugt uppi mjög fullkomnu veðurfregnakerfi til verndar skipum, er sigla á þeim slóðum, og aðvaranir gefnar með skeytum og merkjum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Persa og Róma
keisarar í byrjun
8. aldar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Dýrin.

Kína hefur einhverntíma í fyrndinni verið vaxið miklum skógum, og þá verið fult af mesta sæg af alskonar stórum dýrum. En menniurnir hafa eydilagt skógana, og þar með um leið ~~tíma~~ lífsmöguleikana fyrir hin stærri villtu dýr. Margt stórra villtra dýra er helst að finna í fjöllunum eða fjallendinu, eða á útjörðum landsins, eða þar sem skógarnir standa enn, eða þar, sem strjálbýlið er mest. Í fjöllunum fyrir vestan Peking eru t.d. birnir, leopardar, villikettir, refir o.s.frv. Þar er og moskuskjörturinn, er áður var mjög útbreiddur, en er nú víða alveg útrýmt. Hann hefur verið stráðrepinn m.a. til að ná í moskusið, sem er mjög verðmætt, og hafði í ilmvötn. Í skógunum norðaustast í landinu er margt af úlfum, björnum og fjöldi dýra af hjartakyninu. Á grasslettunum á landamærum hins eiginlega Kína og Mongólíu ganga stórar hjarðir af villtum ösnum, úlföldum, hestum, antilopum o.fl. sléttudýrum. Vestantil í ríkinu er geitnaeinn (jakinn) bæði villtur og taminn. Í Yunnan og Kwangsi og víðar þar sem heitast er eru gleraugnaslöngur og ösnur inverskt dýr t.d. ~~tapirar~~ fílar og tígrisdýr. Tígrisdýrið er í Kína kallað konungur dýranna, því þar eru engin ljón. Tígrisdýr flakka um alla hina strjálbýlari hluta Kína alt norður í Amúr-dal í Austur-Síberíu. Amúr-landið var áður hluti af Kína, áður en Rússar tóku það. ~~Í Tsodjang og Fudsjenfylkjunum eru margar legundir lárd~~ Í suðvesturhluta Kínaveldis er strjálbýlast, og þar er einig flest villtra dýra.

~~Jeg skal aðeins nefna fáar dýralegundir í viðbót.~~

Nokkur dýr eru í Kína sem hvergi eru

Einkaskjalasafn Ólafíu Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þar eru dröfnóttir hirtir og ár-hirtir. 21b

til annarsstaðar. Fyrst ~~er~~ mætti nefna hinn fróga Davíðskjört eða "elaphure", sem nú er ekki lengur til villtur. Í Tungting-vatninu í ~~Miðkína~~ Mið-Kína er hvítfisks-höfrungurinn. ~~Villt~~ Geitaxinn er til í Nepal í Himalajafjöllunum á landamörum Kína, en annars er hann ekki til utan Kína. Risa-bjarnkötturinn*) og litli bjarnkötturinn, er líkist bæði birni og indverska kattardýrinu "racoon" eru til á hostu fjöllum í Mið- og Austur-Kína.

Meira en 200 aðaltegundir og undirtegundir spendýra eru til í Kína, svo ~~eru~~ að það mætti eða ásláðunum, að telja ~~það~~ alt það upp. Þar er randi Asíu-hjörturinn, og risa-villikindur. Þar eru dýr, er nefnast "serow" og "goral", nokkuð lík geitum og skyld antilópum. ~~Land-~~ ~~bjarnar tegundirnar, þar eru svartir,~~ Landbirnir í Kína eru svartir, brúnir, eða gráir, ~~eftir tegundinni er~~ ~~hvítir~~. "sika" ~~eða hvítir með dröfnum og árhvítir, "ár"-hvítir.~~ x) Þar er moskusdýrið, er einnig gefur hið dýra moskus, rádýr, villisvín og bláar kindur. Þar eru merðir, ~~þar á~~ þar á meðal minkar, ~~merði~~ marðhundar, villiþundar, otrar, murmeldýr, fjeðrar, íkornar, hreysiskettir og moskuskettir. Þar er og "badger", ~~dýr,~~ sem allir kannast við, af því að hár hans er haft í laxaflugur. Ýmsar apategundir eru í Kína. Það er stundum brosað að því, að þar eru til gjóskórdir apar, en þetta er bæði satt og viðfrægt. Suðvestantil í landinu er apategund með fjeðtum baðfeldi, er lifir ~~so~~ í skógunum svo hátt upp í fjöllum, að jörðin undir er þakin snjó mikinn hluta ársins.

Viðstreymdar Kína eru ýmsar sela- og hvalategundir.

Í Tsödsjang- og Fudsjen-fylkjum eru margar teg-

x) Fyrsta dýrið af þessari tegund var veitt lifandi í Sötsúan í aktober 1936 og flutt til Ameríku í december það ár.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

undir dýra, einkum skriddýra og láds- og lagardýra, sem eru nákvæmlega eins og dýr á Himalayadýrasvæðinu. Það sýnir, að eitt sinn voru þessi fjarlægu svæði nátengd.

Það er aðeins á tveimur svæðum á jörðinni, að alligatorar eru til, þ.e. í nedri hluta Jangtsu-dalsins og á Missisippi-Florida svæðinu í Ameríku. Jangtsu-alligatorinn er þó miklu minni en hinn ameriski. Í Jangtsu-fljótinu og þverám þess er ~~tiu~~ nefnda Jangtsu-styrjan. Hún er skyldust styrjunni í Missisippi. Risa-salamandran í Kína er skyldust Missisippi-salamöndrunni. Hvernig skýldi standa á þessu?

Kína er aðalheimkynni fasankynsins meðal fuglanna, og karfaættarinnar meðal fiskanna. Eru þar til fleiri tegundir af hvoru fyrir sig, en í nokkru landi öðru.

Um 800 tegundir fugla eru í Kína. Þar er fyrsta að telja fasan-ættina, 30 andategundir, gæsir, svani, storka, ibisa, lóur, dúfur, máfa, uglur, músafálka, fálka, erni, hauka, gammna, pelikana, ísfugla, skarfa, kráku- og krafnategundir o.s.frv. Skarfar eru í Kína tamdir til að veiða fiska. Á ám og stöðuvötnum má sjá ~~mergð~~ mestu mergð af flekum, þar sem skarfar eru eingöngu notaðir til fiskveiða.

Fjöldi manna stundar fiskveiðar í Kína, en fiskið mun víðast um rekið upp á gamla móðinn. Veiðitæki Evrópu er enn ekki ~~komin~~ til sögunnar. Fiskategundirnar eru margar óþekktar hjer, en aðrar afbrigðilegar þótt þær sjen hjer þekktar, svo makrill síld, kali, hákarl, skata, ~~oft~~ fjöldi af karfategundum ~~m~~ o.s.frv., ~~og~~ í vötnum neitanet alar, aborri afl-silungur er aðeins til nyrst í Kína.

Af skriddýrum er mikil grósdi í Kína, einkum þó í Suður-Kína. Þar eru t.d. kyrkir og eitraðir ormar, skjald-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar og Eyjólfs Konráðs Jónssonar

bökur, gekkó og froskar, ~~Krokodil~~ krókódílar og salamöndrur.

Af skorkvikindum er einnig mesti sægur, og ætla jeg að sleppa því, að tala um þau.

Hjá fólk í Kína hefur oft uppáhaldsfugla eða uppáhaldsdýr svo sem t.d. Kanarínfugla, páfagauka, lævirkja, akurhænur eða apa sjer til gamans. En allur almenningur hefur hunda ketti og áburðardýr: úlfalda í Norður-Kína, hesta og múlasna í Mið- og Suður-Kína. Kínverskir bændur nota vísunda ~~til að plægja~~ og kýr til að plægja akra sína. Kýr eru lítið eða ekki hafðar til mjólkurframleiðslu. Annar helstu húsdýr Kínverja eru svín og alifuglar. Hestar eru ~~til~~ hafðir helst til reiðar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jurtaríkið.

Jurtaríki Kína er svo umfangsmikið, margbrotið og fjölskrúðugt, að vart er gerlegt að reyna að lýsa því í stuttu máli.

Segja mætti í fáum orðum, að fyrir sunnan 25° nbr. sje jurtaríki Kína hitabeltisgróður. En fyrir norðan 25° nbr. svarar gróðurinn til gróðurs ~~temprada~~ milda beltisins í Norður- og Vesturálfu. Tegundirnar eru þó oft afbrigðilegar, og sumar eru ~~alveg sjerkennilegar~~ aðeins sjeðkennilegar ~~fyrir~~ í Kína eða ~~fyrir~~ Austur-Asíu. Hið eftirtektaverðasta við ~~temprada~~ milda gróðurbeltið í Kína finst mjer þó vera þetta: Sumar hitabeltisjurtirnar hafa breiðst þar út norður eftir ~~temprada~~ milda beltinu og vanist ~~sig~~ þar við loftslagið er hinn til tölulega harða vetur nyrst norður í Kína og Mansjúríu. Að svo margfalt meira ber á þessu í Kína en í Norðurálfu og í Norður-Ameríku stafar sennilega af því, að Miðjarðarhafið og sá mikli flói er skilur Norður- og Suður-Ameríku, hafa hindrað ~~þenna~~ slíkan flutning hitabeltisjurta norður á bóginn. En fleiri staðhættir kunna að koma til

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

greina.

Fyrir sunnan 25° nbr. er jurtaríkið í Kína náskylt jurtaríki austur Indlands. Hvítaþorpin standa innan um skóga af bambusreyr, mango, carica o. fl. ávaxtatrjáa hitabeltisins. Í djúpum dölum, þar sem gnægð er vatns, er hinn ríkasti gróður af Myrtace - Apocypace - og Melastomacetegundum o. fl. Hærra uppi í fjöllunum er gróðurinn svipaður og á ~~Kennir greinilega ávöxtu frá gróðri~~ Himalayja-fjöllunum.

Ef litið er yfir láglendið í Kína fyrir norðan 25° nbr. minnir það einna mest á skrúðgarð. Upp úr grænu skrúði akurbrevanna rísa fagrir trjálundir. Þar eru ~~þykkn~~ lundar af greni, eini o. fl. viðum við grafvinar, en þykkni af skrúðviðum og allskonar ávaxtatrjám við þorpin. Við rekumst þar á gamla kunningja okkar í skógum Norðurálfu, svo sem furu, álm, valhnetutrje, ~~og~~ ösp o. fl. Allir hafa heyrt mikið talað um mórberjatrjeð í Kína. Pappírsmórberjatrje vex þar bæði villt og ræktað. Þetta svæði er hið eiginlega heimkynni hvítu mórberjatrjesins. Þar hefir verið flutt þaðan

? einhlum

Z greinaskil

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

langt suður eftir.

Af ávaxtatrjám eru algeng í ~~Suður~~ Kína: Peru- plómu- perskjur- appelsínu- granat- lætsi- „dreka-augna" epla- banana og pómalo- tré o. fl. o. fl.

Það er eftirtektavert, hvað lítið er af skógum í fjöllunum í eiginlega Kína. ~~Manni kemur ósjálfrátt í hug, að skógunum mun eitt sinn í ómyndlegri tíð, hafa verið útrýmt af manna völdum.~~ Í Suður-Kína eru hin skóglausu fjöll mjög oft þakin sígrænum kjarri. Skógar eru þó víðir og þar í fjöllunum. Þar er kampúrtréð meðal annars. Þátt til fjalla er víðast vera ~~norðan~~ trjágróður, bambusir o.s.frv. Í Norður-Kína eru fjöllin stundum eða víðast vera, alveg ber og gróðurlítil. Á öðrum stöðum eru þau þakin runnum. Þar sem skógar eru í fjöllum í Norður-Kína, eru tegundirnar mest norðlæg tré, en þó einnig eik og fleiri tegundir.

Innri á hálendi Asíu, í hjá-löndunum Tibet, Sindsjang og Mongólíu, ber gróðurinn ~~mark af~~ ~~hávinni~~ ~~yfir~~ sjávarflöt og hinni litlu úrkomu, sem þarna er. Stingur

Liggur nærri lítt sætla, at skógarnir hafi verit ruddir gersamlega undan fyrir löngu.

hve landið er fríð yfir [illegible]

einkanlega þeir

af

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar mjög í stíf við gróðrsældina og hina miklu ræktun í hinu eiginlega Kína. þar eru víðáttumikil grasflæmi, sem hirðingjar fara um með hjarðir sínar. Sumstaðar eru geysimiklar eyðimerkur eins og t.d. Gobi, sem er stærsta eyðimörk í Há-Asíu. Fjöllin eru oft ber, nakin, ~~og~~ veðurbarin og næstu gróðurlaus að því er virðist. En sumstaðar eru þó skógar þarna í fjöllum, en trauðla svo neinn ~~nú~~ nemi á háslettunum. Í skógum þessum ~~kunna~~ að vaxa ~~nefnilega~~ nefnilega lauftrje eins og eik, en ofar barrviðir, og svo efst barrfellir og birki. Fyrir ofan skógin kemur svo heimskautagróður.

Í Mið- og Norður-Kína er alt láglendið ræktað. En í Suður-Kína eru oft aðeins dalbotnarnir og fjallsræturnar í rækt. Hrísgrjónaakrarnar liggja eins og mjóar ræmur fram með ánum, því at hrísgrjónin eru eiginlega mýrajurt. Allar Kortegundir Norðurálfu eru auðvitað ræktaðar í Kína, ~~og~~ auk þess enn fleiri ~~Kortegundir~~. þar er ræktaður mesti sægur af ~~allra handa~~ margs konar grænmeti

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

meti. En þar sætir furðu, hve lítilli útbreiðslu kartaflan hefir náð þar enn sem komið er. ~~Aftur á móti~~ Hins vegar er mikið ræktað af „sætum" kartöflum.
Næst eftir hrísgrjónunum er sojabaunin líklega merkilegasta komtegundin í Kína. Hún er ræktuð alt nyrst norður í Mansjúríu og er flutt út í stórum skipsförmum frá Wladivostok og höfnum við Gula hafið. ~~Í landinu sjálfu verður sá matur sem búinn er til úr sojabaunum sama sem saltfiskur Íslendinga eða nautakjöt Englendinga.~~ Í Norðurálfu er í stórum verksmiðjum unnin úr baunum þessum soja-olía, sem höfð er í smjörliki og soja-Kökur og soja-„skraa" til fóðurs handa búpeningi, einkum mjólkurkýr. Ein af tilraunum þjóðverja á síðustu árum til að bæta úr feitmetisþörf landsins, er einmitt sú að ræktá sojabaunir, og mun þar þegar hafa tekist furðanlega vel. Kínverjar sjálfir nota þar sem unnið er úr sojabaunum [de manneldis] ~~sem~~ kjarnfæði (bauna-Kökur og „dsjang-jú") eins og Íslendingar nota saltfisk eða Englendingar nautakjöt.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~og Kýr til að plægja akrana~~]. Á sumrin hafa margir enskspretturs sjer til gamans til að hlusta á tístið í þeim. Þegar haustar tekur en það almenn skemtun að sjá „cricket"-at. („bricket" er svart skordýrkindi; um 2½ cm á lengd ~~sem~~ hoppar eins og froskur og tístir.) Tveir „cricket"ar eru látnir í leirkrukku þegar þeir mætast, lenda þeir undir eins í hardasta bardaga. Bardagi-inn stendur yfir í fimm mínútur, á þeim lokum tístir sigurvegar-inn, en sá sigraði hverfur af leiksviðinu mjög niðurlútur. Eig-andinn fær oft mikið fje, því þeir eru notaðir til veðmála eins og hestar eru notaðir á Vesturlöndum.

Dýraannsókn á vísinda-legan hátt hefir verið tekin upp eftir þátt-taka Vesturlanda og er ekki eldri en frá miðri síðustu öld. Gömul kínversk dýrafræði „Shan-Hai King" eða „Klassik fjalla og sjávar", fjallar aðallega um skrímsli eða einkenni-legar skepnur, sem hvergi finnast nema á landi ímyndunaraflsins.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ef sagt er, að maður sje að fara
með „~~Skram~~ Sahn-~~Hæ~~ Kinz", ~~er merkingin~~ ~~sú~~ ~~ekki annað en það~~ er ~~alls~~ eins, að hann hafi
~~látið lausa taumana hugarflugsins.~~
gefið hugarfluginu lausan taumum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur